

Upplýsingagjöf innri endurskoðenda

til endurskoðunarnefndar og stjórnar

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar hefur samþykkt eftirfarandi verklag um upplýsingagjöf innri endurskoðenda í þeim tilgangi að samræma slíka upplýsingagjöf innan samstæðu borgarinnar.

1. *Almennt um aðkomu stjórnar að innra eftirliti*

a. *Ábyrgð á innra eftirliti*

Í leiðbeiningum Viðskiptaráðs, Nasdaq og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja segir „Stjórn félagsins skal sjá til þess að til staðar sé fullnægjandi kerfi innra eftirlits sem er formlegt og skjalfest.“

Innra eftirlit er ferli sem er samofið starfsemi fyrirtækis en ekki sjálfstæður þáttur í starfseminni. Stjórn ber ábyrgð á fyrirkomulagi þess og virkni. Ferli innra eftirlits þarf að byggja á áhættumati og eftirlitsaðgerðum og vera skjalfest til þess að hægt sé að sannreyna virkni þess.

b. *Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits*

Í samræmi við ábyrgð sína þarf stjórn að sannreyna fyrirkomulag og virkni innra eftirlits en getur falið það endurskoðunarnefnd og/eða innri endurskoðun.

- *Endurskoðunarnefnd*

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar sbr. IX. kafla ársreikningalaga nr. 3/2006 og er helsta hlutverk hennar að hafa eftirlit fyrir hönd stjórnar með vinnuferli við gerð reikningsskila, innra eftirliti, innri endurskoðun, áhættustýringu og ytri endurskoðun. Nefndin skal staðreyna að þær upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma. Þá er það hlutverk endurskoðunarnefndar að fylgja eftir úrbótum á annmörkum sem fram koma á innra eftirliti.

- *Innri endurskoðun*

Verkefni innri endurskoðunar er að veita óháða staðfestingu og ráðgjöf og leggja mat á og bæta virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnarháttanna. Um innri endurskoðun gilda alþjóðlegir staðlar sem eru meginreglur um framkvæmd innri endurskoðunar og innri endurskoðendum er skylt að fylgja. Staðlarnir kveða á um miðlun og dreifingu niðurstaðna af úttektum og byggja þessar leiðbeiningar á þeim.

2. *Verklag innan samstæðu Reykjavíkurborgar*

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar er jafnframt endurskoðunarnefnd stjórna fyrirtækja og byggðasamlaga sem eru hluti samstæðu borgarinnar samkvæmt sérstöku samkomulagi. Eftirfarandi verklag gildir um samskipti og upplýsingagjöf endurskoðunarnefndar og innri endurskoðenda:

a) *Endurskoðunarnefnd*

Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með innri endurskoðun fyrir hönd stjórnar og nefndin annast því fyrir hönd stjórnar samskipti við innri endurskoðendur um það sem lýtur að innri endurskoðun, innra eftirliti og áhættustjórnun. Þannig er gert ráð fyrir að vinnugögn sem innri endurskoðandi beinir til stjórnenda séu kynnt endurskoðunarnefnd og að nefndin sé upplýst um framvindu einstakra verkefna innri endurskoðenda. Slík vinnugögn eru trúnaðarmál og undanþegin upplýsingarétti samkvæmt upplýsingalögum. Þau eru ekki til birtingar fyrir þriðja aðila og ekki til umfjöllunar hjá stjórn nema sérstaklega sé eftir því leitað.

Skýrslur sem sýna niðurstöðu innri endurskoðunar eru kynntar fyrir endurskoðunarnefnd áður en þær eru lagðar fyrir stjórn. Umsögn endurskoðunarnefndar skal fylgja hverri skýrslu sem innri endurskoðandi leggur fram og kynntur á stjórnarfundum.

b) *Innri endurskoðun*

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á innri endurskoðun samstæðu borgarinnar. Stjórnir einstakra eininga innan samstæðunnar hafa falið Innri endurskoðun borgarinnar eða öðrum aðila að annast innri endurskoðun. Eftirfarandi verklag á við um vinnugögn og skýrslur innri endurskoðenda:

a. *Vinnugögn:*

Til vinnugagna teljast niðurstöður úttekta og eftirfylgni ábendinga sem afhentar eru stjórnendum til úrvinnslu.

- i. *Niðurstöður úttekta:* Innri endurskoðun annast úttekt á innra eftirliti samkvæmt alþjóðlegum ramma um innra eftirlit (COSO), einstökum meginþáttum þess og verferlum eftir því sem við á. Niðurstöðum innri endurskoðunar skal skilað í skriflegri greinargerð og dreift til viðeigandi aðila sem bera ábyrgð á þeirri starfsemi sem innri endurskoðunin nær til. Niðurstöður skulu kynntar fyrir endurskoðunarnefnd og einnig innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar vegna ábyrgðar hans á innri endurskoðun innan samstæðu Reykjavíkurborgar. Niðurstöðum skal fylgja tímasett aðgerðaáætlun sem sýnir viðbrögð viðkomandi stjórnanda við athugasemdum og ábendingum.
- ii. *Eftirfylgni ábendinga:* Innri endurskoðun skal fylgja eftir ábendingum sínum á viðeigandi hátt og upplýsa endurskoðunarnefnd um niðurstöður eftirfylgniskoðana. Í árlegri skýrslu endurskoðunarnefndar til stjórnar eða eftir atvikum oftast skal fjalla um ábendingar innri endurskoðenda sem ekki hefur verið brugðist nægjanlega við samkvæmt niðurstöðum eftirfylgniskoðunar.

b. *Skýrslur:*

Skýrslur sýna samandregna umsögn um störf innri endurskoðunar, niðurstöðu og áherslur í endurskoðunaráætlun. Skýrslur eru gögn sem geta sætt opinberri birtingu og fjalla um starfsemi innri endurskoðunar og innri endurskoðunaráætlun.

- i. Starfsemi innri endurskoðunar: Innri endurskoðandi skal reglulega og a.m.k. einu sinni á ári veita endurskoðunarnefnd upplýsingar um starfsemi innri endurskoðunar og framgang innri endurskoðunaráætlunar. Í reglubundinni skýrslugjöf ætti einnig að fjalla um áhættumat og álitaefni varðandi stjórnarhætti, áhættustýringu og eftirlit sem og almennt um viðbrögð stjórnenda við ábendingum sem innri endurskoðun hefur komið á framfæri í vinnugögnum til þeirra. Skýrsla innri endurskoðanda ætti einnig að fjalla um innra gæðaeftirlit innri endurskoðunar með eigin starfsemi og innihalda staðfestingu á óhæði innri endurskoðunar.
- ii. Innri endurskoðunaráætlun: Umfang innri endurskoðunar er byggt á áhættumati innri endurskoðunar. Hluti af gerð áhættumats felst í því að fara yfir áhættur í rekstri félagsins með innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar og taka tillit til atriða sem kunna að varða mál er tengjast innri endurskoðun samstæðu Reykjavíkurborgar. Innri endurskoðunaráætlun skal lögð fyrir og samþykkt af endurskoðunarnefnd fyrir hönd stjórnar félagsins. Endurskoðunarnefnd og innri endurskoðandi félags kynna innri endurskoðunaráætlun formlega fyrir stjórn félags. Innri endurskoðandi skal tilkynna endurskoðunarnefnd ef verulegar breytingar verða á áhættumati sem leiða til þess að gera þurfi breytingar á innri endurskoðunaráætlun ársins. Endurskoðunarnefnd þarf að samþykka verulegar breytingar á innri endurskoðunaráætlun.

Reykjavík, 3. apríl 2017

Ólafur B. Kristinsson
formaður endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar